

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 15. nóvember 2005, kl. 12:00 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson, Sólveig Anna Bóasdóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Síðasti fundur var haldinn í desember á síðasta ári. Fundarmenn voru sammála að of langt hefði liðið milli funda í þetta sinn. Halda ætti a.m.k tvo fundi á ári. Stefnt að næsta fundi í mars n.k..
3. Fjármál og staða stofnunarinnar. 1) Forstöðumaður gerði stuttlega grein fyrir stöðu fjármála. Stofnunin stendur vel, einkum vegna stöðu rannsóknastyrkja. Einnig á eftir að gera endanlega upp við Rannsóknáþjónustuna vegna styrks við ELSAGEN verkefnið. Lítur allt út fyrir að stofnunin eigi einhverja upphæð inni við það uppgjör. 2) Skrifstofa stofnunarinnar og forstöðumanns er komin í nýtt húsnæði á 2. hæð í Aðalbyggingu, er það bæði rýmra og í meira návígi við aðra kennara í heimspekiskor. 3) Samningur var gerður milli Siðfræðistofnunar og heimspekiskorar s.l. sumar um að kennsla forstöðumanns við skorina væri metin innan vinnuskyldu við stofnunina. Skorin greiðir síðan Siðfræðistofnun sem svarar stundakennaralaunum fyrir kennsluna. 4) Lagt var fram bréf frá Þjóðkirkjunni þar sem upplýst er að samningur hennar og Siðfræðistofnunar renni út næsta vor og ekki hafi verið tekin ákvörðun um framhaldið. Forstöðumanni falið að hafa sambandi við Þjóðkirkjuna um framhald samningsins.
4. Rannsóknaverkefni. 1) ELSAGEN-verkefninu lauk formlega um síðustu áramót. Verið er að ganga frá bókarhandriti með niðurstöðum verkefnisins sem koma mun út hjá Cambridge University Press á næsta ári. Umsóknin ELSABUS sem send var í 6. rammaáætlun Evrópusambandsins fyrir rúmu ári fékk ekki styrk. Ný umsókn undir nafninu EUBIOBANK var send í október s.l. 2) Norfa /Norforsk – framhaldsstyrkur fékkst til tveggja ára frá síðustu áramótum. Fundur var haldin hjá hópnum í Manchester í maí 2005. 3) Rannís styrkur fékkst í byrjun ársins fyrir verkefnið *Notkun gagnagrunna í heilbrigðisvísindum – siðferðileg álitamál*. Verkefnið hefur gengið nokkuð vel en forstöðumaður skýrði frá því að óskað hefði verið eftir því við Rannís að styrkur fyrsta ársins yrði greiddur á tveimur árum í stað eins. Er beðið svars frá Rannís um þetta efni. 4) Tvær umsóknir voru sendar í Kristnihátíðarsjóð s.l. haust fyrir verkefnið *Siðfræði og samtími* og *Gildismat og velferð barna í neyslusamfélagi nútímans*. Jafnframt hefur stofnunin gefið yfirlit yfir styrki sem hún hefur hlotið úr Kristnihátíðarsjóði frá upphafi í tilefni síðustu styrkveitingar 1. des. n.k. úr sjóðnum. 5) Stjórnarformaður gerði grein fyrir

samstarfi við Warwick University í Englandi sem hefur óskað eftir samstarfi v. umsóknar í 6. rammaáætlun.

5. Fundir og málþing. 1) Fundur var haldinn í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu í Eldborg 26. febrúar s.l. 2) *Pálsstefna* var haldin til heiðurs Páli Skúlasyni sextugum, þann 8. og 9. apríl s.l. og tókst afar vel. 3) Málþing um bók Guðmundar Eggertssonar *Líf af lífi* var haldið í samvinnu við Bókaútgáfuna Bjart 3. nóvember s.l. í Norræna húsinu. Þar héldu þau Ólöf Ýrr Atladóttir og Þorsteinn Vilhjálmsson erindi og í pallborði auk þeirra voru þau Guðmundur Eggertsson og Vilhjálmur Árnason. 4) Málstofa verður haldin á Hugvísindaðingi um *Fagmennsku og fjölmiðla* undir stjórn Siðfræðistofnunar. 5) Siðfræðistofnun mun einnig taka þátt í málþingi um Kristnihátíðarsjóð 1. desember
6. Útgáfumál. 1) Afrakstur Pálsstefnu kom út í bókinni *Hugsað með Páli* í júní s.l. í tengslum við sextugsafmæli hans. 2) Rætt um næstu hefti í ritröðinni *Siðfræði og samtími*, en þar eru í undirbúningi rit um samþykki í rannsóknum, persónuvernd, siðanefnd Blaðamannafélagsins og Sjálfbæra þróun.
7. Starfstengd siðfræði. 1) Níu manna hópur hóf nám í Starfstengdri siðfræði s.l. haust. 2) Fjallað um möguleika á að setja á fót M.A. nám í lífsiðfræði næsta haust.
8. Ýmis erindi. Félag áhugamanna um heimspeki hefur farið fram á auglýsingastyrk í næsta hefti *Hugar*. Samþykkt að veita slíkan styrk að upphæð 100 þúsund og auglýsa bókina *Hugsað með Páli*.
9. Önnur mál. Stjórnarformaður gerði grein fyrir því að bókin *Siðfræði lífs og dauða* sem upphaflega kom út hjá Siðfræðistofnun kæmi út í þýskri þýðingu innan skamms undir heitinu *Dialog und Menschenwürde*.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12:55.

S.N.